

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2017

2019/EES/40/23

frá 7. júlí 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/212 frá 7. febrúar 2017 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fjárpest, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/228 frá 9. febrúar 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar heiti og verksvið sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla og í lið 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla:

„– **32017 R 0212:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/212 frá 7. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 27).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í hluta 7.1 í I. kafla og í 41. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í II. kafla:

„– **32017 R 0228:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/228 frá 9. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 35, 10.2.2017, bls. 10).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004):

„– **32017 R 0212:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/212 frá 7. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 27).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 27.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 35, 10.2.2017, bls. 10.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002):

„– **32017 R 0228**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/228 frá 9. febrúar 2017 (Stjtíð. ESB L 35, 10.2.2017, bls. 10).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/212 og (ESB) 2017/228, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.